

Orkugerðin ehf  
Heiðargerði 5  
801 Selfoss

Reykjavík, 6.2.2023  
UST202203-013/G.S.O.  
08.10.02

## Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 22. desember 2022 þar sem fram kom að frávik hefði verið skráð í eftirliti í Orkugerðina þann 19. september 2022. Þann 24. janúar 2023 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

### Frávikið er eftirfarandi:

1. Gr. 2.4 í starfsleyfi. Aðgangur að athafnasvæði skal vera takmarkaður og svæðið afgirt með girðingu sem hindrar aðgang manna og skepna. Hlið skulu lokuð og læst nema þegar starfsemi fer fram. Við eftirlit var ekkert hlið sem hægt er að loka og aðgangur greiður fyrir menn og skepnur inn á athafnasvæðið. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hefur verið ákveðið í samráði við landeiganda að óska eftir því við Flóahrepp að rimlahlið verði sett upp fyrir væntanlega afleggjara að stækkuðu iðnaðarsvæði og eru áætluð verklok í desember 2023. Áætluð verklok aðgangsstýringar að hliðinu, eftir samráð við nágranna, eru 1. júlí 2024.**

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna fráviksins verða teknar út í næstu eftirlitum.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Sigríður Magnúsdóttir  
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir  
lögfræðingur

